

Fundur í skólaráði 26. september 2025 kl. 08:30 – Bókasafn Borgaskóla

Mætt á fundinn voru Elmar og Stefanía fulltrúar nemenda, Hjörleifur og Kristjana fulltrúar foreldra, Guðfinna og Svanur fulltrúar kennara, Elfar fulltrúi starfsfólks og Ester Helga skólastjóri. Fulltrúi grenndarsamfélags var fjarverandi.

Efni fundar:

Kynning nýrra fulltrúa.

Skipan og verkefni skólaráðs.

Boðun funda, dagskrá, fundaritun og fundatímar á skólaárinu.

Staðfesting starfsáætlunar.

1. Nýir fulltrúar í skólaráði eru Elmar og Stefanía fulltrúar nemenda, Hjörleifur fulltrúi foreldra og Guðfinna og Svanur fulltrúar kennara.
2. Fundaskipulag og hlutverk skólaráðs. Nýir meðlimir kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs. Skólaráð starfar skv. 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Nánnar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008 og þar segir að skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- e. fjallar um skólaeign og umgengnishætti í skólanum.
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

3. Skólastjóri sér um boðun funda sem og að senda út dagskrá, fulltrúar í ráðum geta sett mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Skólastjóri sér um fundarritun og sendir fundargerðir til meðlima til yfirlstrar að loknum fundum. Á stærri fundum tekur aðstoðarskólastjóri sæti á fundi og skráir fundargerð. Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Ákveðnir voru fundatímar út skólaárið og eru þeir sem hér segir: 5. nóvember, 1. desember, 28. janúar, 27. febrúar, 26. mars, 7. maí. Fundað er í júní ef þarf.
4. Starfsáætlun var til umfjöllunar í annað sinn og var hún lögð fyrir til samþykktar, að loknum lagfæringum á athugasemdum frá fulltrúa kennara og fulltrúa foreldra. Starfsáætlunin var samþykkt einróma.

Fundi slitið kl. 09:08 . Fundinn ritaði Ester Helga, fundargerð yfirfarin af fundarmönnum.